

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag og breytingu
á lóðarmörkum í Reykjavíkurborg.

Kjalarnes, Hólaland, nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. mars 2019, nýtt deiliskipulag í Hólalandi á Kjalarnesi. Í breytingunni felst uppbygging á sambýli með 6-8 íbúðum, allt að 700 fm. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ljárskógar 29, breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 29. mars 2019, breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis vegna lóðarinnar nr. 29 við Ljárskóga. Í breytingunni felst að bætt er við byggingarreit fyrir sérstæða, tvöfalda bílageymslu í suðvesturhorni lóðarinnar og breyting á núverandi innbyggðri bílageymslu ásamt geymslurými á jarðhæð í íbúð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Melgerði 1, breytt lóðarmörk.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 20. mars 2019, tillögu að breyttum lóðarmörkum.

Í tillögunni felst stækkun lóðarinnar nr. 1 við Melgerði til norðausturs yfir borgarland. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. apríl 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2019